

Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss í Borgarbyggð

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 2. júní 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun frá Umhverfisráðgjöf Íslands, f.h. Rata ehf., vegna gerðar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss í Borgarbyggð, samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 5. júní 2025 og Bændablaðinu 12. júní 2025 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 4. júní til 2. júlí 2025.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Umhverfismat framkvæmdar. Matsáætlun. Environice – Rati ehf. Júní 2025.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Borgarbyggð þann 3. júlí 2025,
- Fiskistofu þann 17. júlí 2025,
- Hafrannsóknastofnun þann 1. júlí 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 20. júní 2025,
- Minjastofnun Íslands þann 21. júlí 2025,
- Náttúrufræðistofnun þann 9. júlí 2025,
- Náttúruverndarstofnun þann 2. júlí 2025.

Umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun barst ekki.

Jafnframt bárust umsagir frá eftiröldum aðilum:

- Kolbrúnu Sveinsdóttur þann 27. júní 2025,
- Bryndísi Haraldsdóttur þann 27. júní 2025,
- Árna Bragasyni þann 27. júní 2025,
- Hermanní Sveinbjörnssyni þann 28. júní 2025,
- Ástu Þorsteinsdóttur þann 1. júlí 2025,
- Krístrúnu Snorradóttur þann 1. júlí 2025,
- Þóri Jónssyni þann 1. júlí 2025,
- Margréti Guðjónsdóttur f.h. Sólar til framtíðar þann 1. júlí 2025,
- Snorra Jóhannessyni þann 1. júlí 2025,
- Agnesi Guðmundsdóttur þann 2. júlí 2025,
- Landvernd þann 2. júlí 2025,
- Róbert Cabrera þann 2. júlí 2025,



- Ágústi Jónssyni þann 2. júlí 2025,
- Sigurði Kristjánssyni þann 2. júlí 2025,
- Vegagerðinni þann 7. júlí 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 11. júlí og 8. ágúst 2025.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Rata ehf., í samvinnu við Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts, um að útbúa fiskveg í jarðgöngum sunnan Hvítár við Barnafoss til að gera Hvítá fiskgenga ofan við fossinn en Norðlingafljót fellur í Hvítá u.þ.b. 4 km ofan við fossinn. Komist lax upp fyrir Barnafoss myndi Norðlingafljót verða laxgengt að Bjarnafossi, en vegalengdin þangað upp eftir er um 21 km frá ármótunum við Hvítá. Í matsáætluninni er gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar auk þess sem fjallað er um forsögu verkefnisins.

Áform framkvæmdaraðila gera ráð fyrir að neðri endi fiskvegarins opnist út í Hvítá í u.þ.b. 67 m hæð yfir sjó um 70 m neðan við göngubru yfir Hvítá skammt frá Barnafossi. Neðri endinn verður þar utan við ólgu og straumpunga sem er í gljúfrinu neðan við fossinn. Frá þeim stað mun fiskvegurinn liggja í jarðgöngum í bergi austur með Hvítá, í um 50 m fjarlægð frá árfarveginum og á um 10 m dýpi að lágmarki, og opnast að ofanverðu í Hvítá í u.þ.b. 83 m hæð yfir sjó um 150 m ofan við Barnafoss (Sjá mynd 1). Samtals verður fiskvegurinn um 300 m langur miðað við að efsti hluti verði að einhverju leyti í opinni skeringu. Gert er ráð fyrir að göngin verði 3,6 m á breidd og 4,1 m á hæð.



Mynd 1. Lega fyrirhugaðs fiskvegar við Barnafoss (Úr matsáætlun).



Gert er ráð fyrir að um 4.500 m³ af jarðefnum falli til vegna framkvæmdarinnar sem verða flutt í gryfjur í landi Hraunsáss eða Stóraáss.

Fiskvegurinn verður aðeins opinn á göngutími laxfiska og vetrarlokun lágmarkar viðhald og þörf á hreinsun fiskvegarins. Framburður sem kann að hafa safnast fyrir í fiskveginum yfir sumartímann verður fjarlægður með handskóflu þegar honum hefur verið lokað eða skolað niður fiskveginn þegar vatni er hleypt á að vori. Svæðið, sem fiskvegurinn mun liggja undir, er friðlýst sem náttúruvætti. Við hönnun fiskvegarins hefur því verið lögð megináhersla á að standa þannig að framkvæmdinni að hún spilli í engu þeim verðmætum sem friðlýsingunni er ætlað að vernda. Engin ummerki um fiskveginn verða sýnileg á yfirborði og inntaksop og útrennslisop verða staðsett þannig að þau sjáist aldrei frá göngustígum eða útsýnispöllum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn verði að hámarki 5 mánuðir og verði á þeim tíma þegar fæstir gestir heimsækja svæðið.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að tveir valkostir hafi verið til skoðunar varðandi verklag við framkvæmdina. Annar valkosturinn miðast við að borað verði niður í fyrirhugaða botndýpt ganganna og göngin síðan unnin þaðan til beggja átta að gangamunnum. Í þessu skyni yrði komið upp 150 m² afgirtu vinnusvæði við hlið stígs á krossgötu sem liggur að Barnafossi, og afmarkað 35 m² borsvæði þar sem pallbor væri staðsettur. Allt efni úr jarðgöngunum yrði tekið upp um þetta op og flutt af svæðinu jafnóðum um bílaplan svæðisins. Eftir að framkvæmdum lýkur yrði sett þak ofan á niðurgönguna og jarðvegur þar ofan á. Þessi staðsetning á vinnusvæði og borsvæði ætti að tryggja að hægt verði að vinna verkið án þess að spilla umhverfinu í kring. Hinn valkosturinn miðast við að göngin verði grafin með hefðbundnum hætti neðan frá, þ.e.a.s. frá úttaksopinu neðan við útsýnisstaðinn við Barnafoss. Allur flutningur tækja og efnis færi þá eftir vegslóða sem útbúinn yrði frá Ásgili, sem afmarkar friðlýsta svæðið að vestanverðu, meðfram suðurbakka Hvítár, niðri í ánni. Verði þessi valkostur fyrir valinu er ráðgert að byggja 3 m breiðan 660-670 m langan vegslóða meðfram suðurbakkanum frá Ásgili og austur að úttaksopinu. Aðstæður í ánni eru þannig að tiltölulega einfalt er að leggja þar slóða sem hægt er að fjarlægja og afmá að framkvæmd lokinni.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Fyrir liggur, skv. matsáætlun, að aðrir staðsetningarkostir til þess að ná markmiðum framkvæmdarinnar hafa verið skoðaðir og afskrifaðir



og þarf umfjöllun um þá kosti að vera til staðar í umhverfismatsskýrslu. Mikilvægt er að þeir valkostir um útfærslu/vinnslu ganganna sem fjallað er um í matsáætlun fái ítarlega umfjöllun, m.a. um verklag við borun, sprengingar og flutning efnis og að rökstutt verði ítarlega hvaða atriði réðu úrslitum um val á valkosti.

Vatnshlot og vatnalífriki

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugaður fiskvegur sé í vatnshlotinu Hvítá 2 (vatnshlotanúmer 104-210-R) og sá hluti Norðlingafljóts sem ætlunin sé að gera laxgengan sé allur í vatnshlotinu Norðlingafljót (vatnshlotanúmer 104-977-R). Auk þeirra tveggja vatnshlota sem nefnd eru hér að framan gæti umrædd framkvæmd fræðilega séð haft áhrif á vatnshlotið Hvítá 1 (vatnshlotanúmer 104-195-R). Laxagöngur upp í Norðlingafljót ættu fljótt á litið hvorki að hafa áhrif á vistfræðilegt né efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Hvítá 2. Engar líkur eru á að framkvæmdin hafi áhrif á efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Norðlingafljót. Hins vegar er ljóst að hún mun hafa áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins, þar sem opnað veður fyrir nýja fiskitegund sem er þar ekki fyrir. Fram kemur að fjallað verði um áhrif á vatnshlotin í umhverfismati, m.a. með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Í matinu verður m.a. stuðst við fyrirliggjandi seiðarannsóknir og aðrar skýrslur sérfræðinga um fiskgengd og vistfræðilegar aðstæður á vatnasvæðinu.

Fram kemur að Norðlingafljót sé 66 km langt og ein af stærstu þverám Hvítár og fái vatn úr afrennsli frá fjölmörgum grunnum vötnum á Arnarvatnsheiði. Á þeim 21 km kafla í Norðlingafljóti sem ætlunin sé að opna fyrir göngu laxfiska er lítill stofn af staðbundnum urriða, en engin stangveiði er stunduð þar. Ofan við Bjarnafoss er hins vegar urriða- og bleikjuveiði, en fiskistofnar á því svæði hafa aðgang að vatnasvæði Arnarvatnsheiðar. Tilgangur framkvæmdarinnar er sem sagt að gera Hvítá fiskgenga ofan við Barnafoss, þannig að byggja megi upp laxastofn á fyrrnefndu 21 km svæði neðst í Norðlingafljóti, þ.e. upp að Bjarnafossi. Framkvæmdin mun hafa áhrif á lífríkið á þessu svæði, en ekki á þeim 45 km kafla sem við taka ofan við Bjarnafoss. Fjallað verður nánar um þessi áhrif í umhverfismati, m.a. út frá fyrirliggjandi skýrslum og út frá minnisblaði Environice frá 2019 um sjálfbærni fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að safna þurfi raungögnum um grunnvatnslekt, efnavist Hvítár og vistfræðilegt ástand vatnshlota og setja upp viðhlítandi vöktun á ástandi vatnshlotsins Hvítá 2 áður en borun hefst. Heilbrigðiseftirlitið telur þörf á að meta áhrif á lífríkið sem fyrir er út frá sjónarmiðum varúðarreglunnar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að verkefnið kunni að hafa áhrif á lífríki Norðlingafljóts á 21 km kafla, frá ármótum við Hvítá að Bjarnafossi en hann er talinn ófiskgengur. Á þessu svæði má væntanlega finna bæði bleikju og urriða upprunna ofan af Arnarvatnsheiði en lax hefur einungis komist á þetta svæði með aðstoð mannsins. Flæði silunga ofan af heiðinni er væntanlega nokkuð stöðugt og ekki líklegt að staðbundnir stofnar séu æxlunarlega einangraðir á þessu svæði. Að mati Hafrannsóknastofnunar væri rétt að kanna það nánar áður en ráðist er í framkvæmd og ætti það að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum. Slík rannsókn ætti einnig að ná yfir aðrar ár á svæðinu (s.s. Kaldá, Stuttá, Trússá og fleiri) en um er að ræða uppsprettur í hrauni, en á slíkum svæðum hafa oft þróast sérstakir bleikjustofnar. Að mati Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að huga vandlega að líffræðilegri fjölbreytni við þessar framkvæmdir og forðast að draga úr henni. Verkefnið er ekki aðeins bundið við gerð fiskvegjar heldur einnig uppbyggingu fiskistofna (lax og sjóbleika) í framhaldi af verklegum framkvæmdum. Það er því mikilvægt að fyrir liggi áætlun um hvernig árangur verði metin (vöktunaráætlun) og til hvaða aðgerða verði gripið ef ekki næst viðunandi árangur.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að gera þurfi ítarlega grein fyrir lífríki Norðlingafljóts og meta möguleg umhverfisáhrif á vistkerfi vegna tilkomu laxfiska sem ekki hafa verið þar áður. Í matsáætlun er stuðst við eldri rannsóknir á laxaseiðum (2000), smádyralífi (1978 og 1989) og



veiðitölum (2009). Stofnunin telur rétt að uppfæra rannsóknir á stöðu lífríkis Norðlingafljóts og nýta þær til að meta umhverfisáhrif á það.

Í svörum kemur fram að framkvæmdaraðili muni taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar í samvinnu við sérfræðinga á því sviði, þ.m.t. sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

Í umsögn Landverndar er lögð áhersla á að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á líffræðilega fjölbreytni verði skoðuð vandlega, þ.m.t. áhrif á stærð hnignandi sjóbleikjustofns í ánni. Í umsögninni er leitt líkum að því að með fjölgun laxa í ánni kunni sjóbleikjunni að verða eytt endanlega.

Í umsögn Ágústs Jónssonar, sem er sögð send f.h. meirihluta stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts, kemur fram að í matsáætluninni sé ekki gert ráð fyrir rannsóknunum á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár að neinu marki. Hér er sérstakleg átt við áhrif mikillar laxagöngu á sérstakan stofn bleikju sem er í ánni og er í útrýmingarhættu. Það er alger forsenda að þetta atriði verði rannsakað ítarlega og yfir langan tíma þannig að það verði ljóst hver áhrifin verði og hvaða mótvægisráðstafanir þarf að gera eða hvort staða stofnsins sé þannig að ekki verði hægt að leiða lax upp eftir ánni án þess að bleikjunni verði útrýmt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um líkleg áhrif framkvæmdarinnar á sjóbleikjustofninn, en fljótt á litið megí ætla að þau séu fremur jákvæð en neikvæð, þar sem framkvæmdin sé m.a. til þess fallin að stækka útbreiðslusvæði bleikjunnar.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að gert sé ráð fyrir að sjóbleikja geti gengið upp fyrir Barnafoss og þaðan upp í kaldar þverár og læki við Húsafell og Kalmanstungu, en eins og staðan er í dag komist engin sjóbleikja upp fyrir fossinn. Hönnun fiskvegarins tekur einmitt mið af þessu, með því að þrepin í laxastiganum verða lægri en ella og þar með fær sjóbleikju. Þrátt fyrir að lax hafi gengið í Hvítá frá örófi alda til að komast í helstu þverár Hvítár (að undanskildu Norðlingafljóti) þá er hrygning á laxi alveg óveruleg í sjálfri Hvítá. Bleikjuveiði í helstu þverám Hvítár er nánast óþekkt þar sem hitastig þveránna og fæða hentar ekki þeim fiskistofni en þar er laxinn ríkjandi fisktegund og urriði er einnig algengur. Búsvæði bleikju eru því bundin við lindalæki eins og Lambeyrarkvísl þar sem hrygningin fer fram og uppeldi fram að sjógöngu í Hvítá sjálfri og síðan ósavæði Hvítár sem er helsta fæðusvæði Hvítárbleikjunnar. Bleikjan getur nýtt hliðarar (Norðurá, Grímsá) til vetursetu en bleikjur hrygna þar ekki né alast upp nema í mjög litlum mæli.

Fram kemur að sjóbleikja og lax eigi það sameiginlegt að nærast og vaxa í sjó og gangi þaðan upp í uppeldisár sínar til hrygningar. Bleikja er ekki í Norðlingafljóti neðan Bjarnarfoss (vatnshiti fljótsins og fæðuframboð henta ekki bleikju). Þannig má telja víst að sjóbleikja/bleikja muni ekki velja sér búsvæði í Norðlingafljóti þar sem hitastig Norðlingafljóts og fæðuframboð er sambærilegt öðrum þverám Hvítár, svo sem Þverá, Kjarrá, Grímsá og Norðurá, svo einhverjar ár séu nefndar. Með tilkomu fiskvegar við Barnafoss opnast aftur á móti miklir möguleikar fyrir sjóbleikju að ganga upp Hvítá inn í kaldar minni þverár við Húsafell og Kalmanstungu og er talið líklegt að sjóbleikjan nýti sér svipuð búsvæði til hrygningar og uppeldis seiða eins og þekkt er í lindám neðan Barnafoss. Lax sem fær að ganga Hvítá upp í Norðlingafljót til hrygningar, nærast ekkert á leið sinni frá sjó að hrygningarstöðvunum. Því hefur ganga laxa engin áhrif á næringarframboð í ánum. Þess vegna er afar ólíklegt að aukin umferð þessara fiska um Hvítá að Norðlingafljóti hafi merkjanleg áhrif á lífríkið í þessum straumvötnum. Mikil þekking er þegar til staðar hvað þetta varðar, að hluta til almenn og að hluta til úr fyrri rannsóknum í Norðlingafljóti. Ekki er líklegt að val tegunda á hrygningsrsvæði breytist mikið á 10-20 árum og því gefa fyrri rannsóknir góða vísbendingu um líkleg áhrif að þessu leyti.

Fram kemur að rannsóknir á núverandi ástandi í Norðlingafljóti geti aðeins gefið takmarkaða vísbendingu um raunveruleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar. Til að fá glögga mynd af áhrifunum



þarf að vera hægt að gera rannsóknir eftir að göngufiskum hefur verið hleypt í ána, sem gerist eðli málsins samkvæmt ekki fyrr en að framkvæmd lokinni. Með öðrum orðum er naumast hægt að gera fullnægjandi rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar fyrr en að framkvæmd lokinni. Þetta gildir jafnt um þetta vatnasvæði og um öll önnur vatnasvæði sem gerð hafa verið aðgengileg með fiskvegum. Þetta atriði undirstrikar mikilvægi fiskræktaráætlunar og viðbragðsáætlunar í tengslum við hana, sbr. m.a. 5. gr. laga um fiskrækt, nr. 58/2006.

Fram kemur að eins og ráða megi af skýringunum hér að framan séu möguleikum á rannsóknum á áhrifum „nýrra“ laxfiska á lífríkið ofan Barnafoss ákveðin takmörk sett. Eins og fram hefur komið hyggst framkvæmdaraðili taka þessi áhrif til sérstakrar skoðunar í samvinnu við sérfræðinga á því sviði, þ.m.t. sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Fyrsta skrefið í þessari samvinnu verður að meta að hve miklu leyti sé réttlætanlegt að byggja áhrifamatið á eldri rannsóknum og reynslu sem fengist hefur af gerð fiskvega í öðrum straumvötnum, svo og að meta hvaða nýju rannsóknir sé æskilegt eða nauðsynlegt að ráðast í til að varpa frekara ljósi á þessi atriði. Fyrirhugað er koma fyrir fullkomnum fiskteljara í fiskveginum sem er öflugt rannsóknartæki til að meta umferð fiska um fiskveginn til að meta stofnstærð laxfiska sem ganga upp fyrir Barnafoss. Einnig er gert ráð fyrir að reglubundin vöktun lífríkis verði tekin upp á búsvæðum Norðlingafljóts (þörungur, hryggleysingar, fiskar) þannig að fylgst verði með framvindu lífríkis í kjölfar fiskvegagerðar. Að öðru leyti munu ákvarðanir um rannsóknir ráðast af ráðgjöf sérfræðinga hvað þetta varðar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlanir framkvæmdaraðila varðandi mat á áhrifum á vatnshlot og umfjöllun og mat á áhrifum á vatnalífríki með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að fyrir liggi upplýsingar um grunnástand lífríkis í Norðlingafljóti og þeim ám öðrum sem Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni sem er nauðsynlegur grunnur til að byggja mat á áhrifum á og vöktun og sem kann að kalla á frekari rannsóknir. Stofnunin telur eðlilegt að ákvarðanir um hvort að unnt sé að byggja á fyrirbyggjandi rannsóknum eða hvort að ráðast þurfi í nýjar verði framkvæmdaraðili að taka í samráði við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir reglubundinni vöktun lífríkis á búsvæðum Norðlingafljóts að framkvæmdum loknum og telur Skipulagsstofnun að í umhverfismatsskýrslu þurfi að birta vöktunaráætlun þar sem fram kemur hvað eigi að vakta, til hversu langs tíma og hvaða aðilar sjái um vöktunina.

Samfélag

Í matsáætlun kemur fram að ætla megi að framkvæmdin hafi áhrif á efnahag nærsamfélagsins, auk hugsanlegra þjóðhagslegra áhrifa. Í umhverfismati verður fjallað nánar um þessi áhrif, svo og önnur áhrif framkvæmdarinnar á samfélag og atvinnulíf, þ.m.t. á samstöðu heimamanna og félagsleg þolmörk. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn og fundargerðir hvað þetta varðar.

Í umsögnum m.a. Ágústs Jónssonar, sem sögð er send f.h. meirihluta stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts, kemur fram að mikill ágreiningur sé meðal félagsmanna veiðifélagsins um framkvæmdina sem getur haft verulega áhrif á samfélagið. Í sinni umsögn telur Landvernd að í matsáætlun séu settar fram getgátur um viðhorf nærsamfélagsins til framkvæmdarinnar og að vísbendingar séu uppi um að þessi viðhorf séu neikvæðari en þar er gefið til kynna.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að fjallað verði sérstaklega um samfélagsleg áhrif í umhverfismatsskýrslu, m.a. um áhrif á samstöðu heimamanna.

Fyrir liggur að ágreiningur er um hvort að ofangreind umsögn sem send er í nafni meirihluta stjórnar Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts, hafi verið tekin fyrir á stjórnarfundum veiðifélagsins eða að um hana hafi verið fjallað á þeim vettvangi áður en hún var send inn til Skipulagsstofnunar. Burtséð frá því eru efnisatriði í umsögninni sem varða viðkomandi framkvæmd, sbr. hér annars staðar í álitinu, sem Skipulagsstofnun telur ástæðu til að taka afstöðu til, óháð því hvort að samstaða sé innan félagsins um fyrirhugaða framkvæmd. Ekki er með öllu ljóst hvernig framkvæmdaraðili hyggst fjalla



um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á samstöðu innan nærsamfélagsins og mun Skipulagsstofnun taka afstöðu til þess atriðis við yfirferð á umhverfismatsskýrslu.

Náttúruverndarsvæði – Sérstök vernd

Í matsáætlun kemur fram að ásýnd Hraunfossa og Barnafoss sé meginástæða friðlýsingar svæðisins, enda sé markmið friðlýsingarinnar að komandi kynslóðir geti notið fegurðar og sérkenna fossanna. Vernd, landslag og ásýnd svæðisins er því samofin. Skilmálar friðlýsingarinnar koma ekki í veg fyrir framkvæmdir á svæðinu, að því tilskildu að leyfi fáið frá Náttúruverndarstofnun. Vegna sérstöðu og verndargildis svæðisins þarf þó augljóslega að viðhafa sérstaka aðgát við allar framkvæmdir þar. Áformað rennsli um fiskveginn er óverulegur hluti af vatnsrennsli Hvítár eða að hámarki innan við 1% af lágmarksrennsli árinna á þessum stað. Með hliðsjón af þessu og með tilliti til þess að vatnsmiðlun um fiskveginn mun hafa óveruleg áhrif á vatnsrennsli um Barnafoss er ólíklegt að framkvæmdin raski þeim verðmætum sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd og því reynir ekki á ákvæði greinarinnar um brýna nauðsyn.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Barnafoss og Hraunfossar eru jarðmyndanir sem njóta friðlýsingar og teljast jafnframt falla undir vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Því ber að meta áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi þeirra sérstaklega. Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að beita varúðarreglunni við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á friðlýst svæði og jarðmyndanir sem kunna að njóta verndar samkvæmt fyrrnefndri grein. Þá telur stofnunin brýnt að gerð verði ítarleg greining á áhættu við opnun ganganna út í farveg árinna og að slíkt verði metið með hliðsjón af náttúruvernd og ásýnd.

Í mörgum umsögnum almennings er lagst gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á friðlýstu svæði og vegna mögulegra áhrifa á einstakt og viðkvæmt vistkerfi flókens vatnakerfis. Bent er á að ef eitthvað fari úrskeiðist í þessari framkvæmd gæti orðið óafturkræf röskun á Barnafossi.

Landvernd bendir á að lýsa þurfi nánar áhrifum sprenginga við gerð fiskvegarins, með hliðsjón af jarðfræðilegum þáttum, þannig að sýnt verði fram á að ekki hljótist af óafturkræfur skaði, svo sem við lokasprengingu sem gæti leitt af sér umtalsverðar skemmdir á berginu í kringum opið. Í umsögn Ágústs Jónssonar, f.h. meirihluta Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts, er tekið í sama streng.

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir eru á vernduðu og viðkvæmu svæði og því mikilvægt að staðið verði þannig að framkvæmdum að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Þá liggur fyrir að mikill fjöldi ferðamanna kemur til að skoða Hraunfossa og Barnafoss. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúruverndarstofnun og ofangreindum aðilum um að í umhverfismatsskýrslu þurfi að liggja fyrir niðurstöður ítarlegrar greiningar á áhættu við opnun ganganna út í farveg Hvítár við lokasprengingu.

Lífriki

Náttúruverndarstofnun bendir á að taka þurfi áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hvítár og nærliggjandi svæði sérstaklega til skoðunar. Þetta eigi bæði við um vatnalíf, gróður við árbakka og möguleg áhrif rasks á búsvæði fugla og smádyra. Einnig þurfi að greina möguleg óbein áhrif breytts vatnsrennslis á lífríki og vistgerðir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði ítarlega um þessa þætti í umhverfismatsskýrslu, m.a. hvað varðar áhrif á gróður við bakka Hvítár fyrir ofan Barnafoss, botndýralíf, næringarkeðjur og líffræðilega fjölbreytni á svæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við boðaða umfjöllun um lífríki í og við Hvítá.

Ásýnd og ferðamenn

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að Hraunfossar séu afar vinsæll áfangastaður ferðamanna. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgangagerðina verði á tímabilinu desember 2026 til



janúar 2027 og að öllum framkvæmdum og frágangi verði lokið í apríl. Jarðborun og sprengingar vegna jarðgangagerðar verða þannig á þeim árstíma sem umferð ferðamanna er minnst. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásjón svæðisins, þar sem inntaks- og úttaksop jarðganganna verði ekki sýnileg frá útsýnispöllum en mögulega megi greina inntaksopið frá göngustíg sem leiðir út á útsýnispall. Þrátt fyrir að ólíklegt sé að fiskvegurinn geti haft áhrif á ásjón Barnafoss og næsta nágrennis hans, þ.m.t. Hraunfossa, verður fjallað nánar um ásjón og sjónræna þætti í umhverfismatsskýrslu með sérstakri hliðsjón af verndargildi svæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að liggja þarf fyrir rökstutt og myndrænt mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar frá helstu áningarstöðum, stígum og sýnilegum sjónásum við Hraunfossa og Barnafoss. Ekki er nægilegt að byggja mat á huglægu mati um athygli gesta, sérstaklega þegar megináætlað heimsókn er einmitt að njóta útsýnis og náttúruupplifunar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila um umfjöllun og mat á áhrifum á ásjón en leggur áherslu á mikilvægi þess að mat á áhrifum á ásjón feli í sér að birtar verði ljósmyndir frá tilteknum sjónarhornum sem sýni núverandi aðstæður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og síðan verði fyrirhugaðar framkvæmdir færðar inn á ljósmyndirnar til að freista þess að sýna ásjónarbreytingar með tilkomu framkvæmdanna. Stofnunin hefur ekki góða reynslu af myndum sem unnar eru í þrívíddarlíkani þar sem þær ná oft illa að herma raunveruleika. Skipulagsstofnun bendir á að hér er um vinsælan ferðamannastað að ræða og þó að gert sé ráð fyrir framkvæmdum yfir há vetrartímann þegar ekki er búist við mörgum ferðamönnum er óvissa hvort að sá knappi framkvæmdatími, sem gert er ráð fyrir í matsáætlun, standist. Ljóst er að talsvert ónæði getur verið af framkvæmdum sem hefur þar með neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem sækja svæðið heim. Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera ráð fyrir að fjalla um og leggja mat á möguleg áhrif á ferðamenn ef fyrrnefndar tímaáætlanir framkvæmdaraðila standast ekki. Í því sambandi væri æskilegt að birta tölur um aðsókn ferðamanna eftir mánuðum í umhverfismatsskýrslu ef þær upplýsingar eru fyrir hendi.

Hljóðvist

Í matsáætlun kemur fram að ekki sé talin ástæða til að fjalla nánar um hljóðvist og umferð í umhverfismati.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að gera þurfi grein fyrir hávaða og titringi á nærliggjandi ferðamannasvæðum og skilgreina tímamörk í samræmi við regulgerð um hávaða.

Skipulagsstofnun telur eðlilegt að að lágmarki verði sú umfjöllun sem er að finna um hljóðvist og umferð í matsáætlun, einnig í umhverfismatsskýrslu.

Frágangur – Viðhald - Viðbragðsáætlun

Í matsáætlun kemur fram að meðan á framkvæmdum standi verði lögð megináhersla á að halda svæðinu snyrtilegu, þannig að ummerki um framkvæmdina verði sem minnst. Í verklok mun framkvæmdaraðili tryggja að allur frágangur verði til fyrirmyndar og að engin ummerki um framkvæmdina sjáist á yfirborði að henni lokinni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að meta þurfi umhverfisáhrif ef rekstri fiskvegarins verður hætt eða mannvirkið reynist ónothæft til framtíðar. Í slíku mati þarf að gera grein fyrir frágangi mannvirkisins með tilliti til náttúrulegs landslags og verndargildis svæðisins. Að mati stofnunarinnar er slíkt mat sérstaklega mikilvægt á friðlýstu svæði.

Náttúrufræðistofnun telur að þar sem um er að ræða framkvæmdir innan friðlýsts svæðis sé þörf á viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa og áætlun um frágang svæðisins að framkvæmdum loknum og tekur Fiskistofa í sama streng.

Í nokkrum umsögnum, m.a. Náttúruverndarstofnunar, hefur verið bent á að gera þurfi grein fyrir hvernig viðhaldi verði háttað í göngunum. Landvernd bendir á að að óbreyttu muni hreinsun



ganganna og svæðisins framan við inntaksopið verða erfið vegna leirflóða sem vænta má að komi í ána.

Í svörum kemur fram að fjallað verði um viðhald og rekstur til lengri tíma í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi vandaðs frágangs að framkvæmdum loknum einkum og sér í lagi í ljósi staðsetningar innan friðlýsts náttúruvættis og í ljósi þess fjölda ferðamanna sem sækir svæðið heim. Þetta á ekki síður við ef rekstri fiskvegarins verður hætt. Þá telur stofnunin einnig mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði ítarleg umfjöllun um hvernig viðhaldi verði sinnt, m.a. hreinsun ganganna. Þá þarf að gera grein fyrir viðbragðsáætlun ef óhöpp verða, bæði á framkvæmdar- og rekstartíma.

Reykjavík, 14. ágúst 2025,

Jakob Gunnarsson

